



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

6. árgangur 7. tbl.

Ágúst 2009





Myndirnar sem birtar eru hér í Fréttabréfinu eru teknar í Skaftholtsréttum þegar Vinir Skaftholtsréttar afhentu sveitarfélaginu réttirnar eftir endurbætur þann 26.júlí s.l. Á forsíðu má sjá leggjabú, Lilju Loftsdóttur formann Vins Skaftholtsréttar afhenda oddvita, Gunnari Erni Marteinsyni réttirnar formlega og svo má sjá dæmi um viðlegubúnað fjallmanna á árum áður. Hér á þessari síðu má sjá hóp fólks hlusta á hátíðardagskrá, Bryndísi á Stöðulfelli ásamt sínu fólki svo og Loft á Sandlæk gefa Ágústi og Vöku hrátt hangiket. Myndirnar tók Helgi J Hauksson.





Frá ullarvinnslunni og þemasýningu nemenda Þjórsárskóla.



Hátíðardagur í Skaftholtsréttum 26.júlí 2009

Pakkarorð

Pegar við höfum gönguna við endurgerð Skaftholtsréttta 1. apríl 2006, ákváðum við að hafa gaman af þessu mikla og þarfa uppbyggingarstarfi, hittast af og til við nauðsynleg verk til að þoka verkefninu áleiðis, og setjast síðan að snæðingi, spjalla og kætast. Allt hefur þetta gengið eftir.

Frá fyrstu tíð til verkloka höfum við mætt jákvæðni hjá öllum sem við leituðum til og nú að leiðarlókum getum við sannarlega litið glöð yfir farinn veg og verið stolt og ánægð yfir verkum okkar.

Félagsskapurinn "Vinir Skaftholtsréttta" hefur dafnað og eflst frá degi til dags og telur 238 félaga.

Réttirnar þykja hreint listaverk, frábærlega vel hlaðnar úr hraungrýti og sniddum, allt handbragð vitnisburður um hagleik og hugkvæmni og má með sanni um það segja að verkið lofar meistarana, þá Kristján Inga og Víglund.

Unhverfið hefur verið bætt og aðgengið að réttunum sjálfum. Má þar nefna göngustiga, hlið, manir, setkróka og snyrtingu. Ennfremur hefur upplýsingarskiltum verið komið fyrir, fólki til fróðleiks, en þau eiga að verða okkur hjálpartæki til að tengja okkur við fortíðina, fjallferðir og réttir og þá lifnaðarhætti sem þeim fylgdi.

Skaftholtsréttir eru ein af perlum sveitarinnar í menningarlegu tilliti, fornar en þó síungar, einstök verðmæti, sem alls ekki má glutra niður.

Áætlun hátíðardagsins gekk upp að fullu með umfangsmikilli og lifandi samvinnu og samstilltu átaki. Laust fyrir setningu hátíðarhaldanna kúventu veðurguðirnir gerðum sínum. Það hafði rignt stíft og látaust fyrir hádegi, en síðan stytti upp og hlýnaði svo að úr varð ágætis útivistarveður.

Mikið fjölmenni sótti réttirnar heim og er talið að um 900 manns hafi verið þar, þegar flest var. Gleðisvipur ljómaði af hverju andliti. Formaður vinafélagsins afhenti oddvitenum réttirnar og sóknarpresturinn blessaði mannvirkið og alla viðstadda.

Það styrkti mjög inntak samkomunnar, að brugðið var upp ljósi á ýmsa verkþætti tengda sögu sauðfjárhalds. Allir þeir sem tengdust þessum þætti hátíðarhaldanna sýndu ótrúlega útsjónarsemi og dug.

Þessi myndbrot, sem þarna voru sýnd, höfðu mikið aðdráttarafl. Það á jafnt við um leggjabúið, ullarvinnsluna, þemavinnu nemenda úr Þjórsárskóla, trússarana að fornu og nýju, fjallmannstjaldið og gamla hluti úr fjallferðum, rekstur fjár með velæfðum og þjálfuðum smalahundum, réttarsönginn, sýningarnar á hrútum og lambám og fleira.

Samtakamátturinn við veitingarnar var ævintýri líkastur. Á þriðja tug býla buðu upp á alls kyns kræsingar við sínar dildydr í almenningnum. Auk þess lögðu tvö fyrirtæki bænda, Sláturfélagið og Mjólkursamsalan, fram myndarlegan skerf til veislunnar, en Skeiða- og Gnúpverjahreppur lagði fram kaffi og gos, auk nauðsynlegs búnaðar við framkvæmd veitinganna. Allt varð þetta óskiptur →

gleðigjafi og hafði gríðarleg áhrif á styrk samkomunnar og samkennd þeirra sem þar voru.

Við sem stóðum í stafni fyrir þessum hátíðardegi erum bæði þakklát og glöð yfir öllum hinum góðu viðbrögðum við beiðnum okkar og óskum. Sama á við um það, hversu allt gekk vel og snurðulaust fyrir sig. Sannaðist þar rækilega hið forna spakmæli, að margar hendur vinna létt verk.

Við þökkum af alúð öllum þeim sem gerðu þennan dag ógleymanlegan.

Við höldum áfram uppbyggingarstarfi.

Kristján Guðmundsson

Tækifæri til atvinnusköpunar.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Landsvirkjun eru að huga að framtíðarrekstri á sundlauginni í Þjórsárdal. Svæðið býður upp á mikla möguleika, er staðsett í hjarta Þjórsárdals. Þar er heitt og kalt vatn í talsverðu mæli. Leitum að áhugasömum aðilum til uppbyggingar á svæðinu. Veitum ykkur frekari upplýsingar og sýnum staðinn ef áhugi er á. Vinsamlega hafið samband við Gunnar á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps í síma 486-6014.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Landsvirkjun



Lokun á Neslaug.

Vegna nauðsynlegra viðgerða á flísum í Neslaug reynist óhjákvæmilegt að loka lauginni á meðan. Ekki er hægt að tilgreina nákvæmlega hvaða daga laugin verður lokuð vegna þess að sæta verður lagi með veður. Þeir sem kunna að verða fyrir óþægindum vegna þessa eru beðnir afsökunar. Ekki er hægt að haga viðgerðum með öðrum hætti.

Oddviti

Atvinna



Sundlaugarvörð vantar til starfa í Neslaug.

Viðkomandi þarf að geta hafið vinnu sem fyrst.

Upplýsingar veitir oddviti í síma 4866014 og 8958432.

Oddviti

52. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 23. júní 2009 kl. 10:30 í Árnesi. Mættir voru: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti, Ingvar Hjálmarsson, Jón Vilmundarson, Tryggvi Steinarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og athugaði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun fundarins en þær voru ekki.

Oddviti óskaði eftir að taka eftirfarandi mál á dagskrá, lóðablað frá Sandlækjarkoti 2, erindi frá Afréttamálaflélagi Flóa og Skeiða. Dagskrárbreytingar samþykktar.

1. Umfjöllun og ákvörðun í framhaldi af kynningarfundum í Árnesi 10. júní 2009 um breytingar á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjana. Mættir, Ívar Pálson lögmaður og Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi. Ívar fór yfir málið en athugasemdir komu frá fulltrúum Sólar á Suðurlandi og Atla Gíslasyni. Lagt fram að nýju bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 12. maí 2009. Þá er lagt fram bréf Landslaga lögfræðistofu dags. 14. maí 2009, til umhverfisráðuneytisins, tölvupóstsamskipti Landslaga lögfræðistofu og umhverfisráðuneytisins dags. 19. maí 2009, fundargerð frá íbúafundi, dags. 10. júní 2009, athugasemd fulltrúa Sólar á Suðurlandi, dags. 17. júní 2009, athugasemd frá Atla Gíslasyni dags. 18.6 2009 ásamt umsögn Landslaga lögfræðistofu dags. 23. júní 2009. Oddviti lagði til fundarhlé til að menn gætu farið yfir gögn málsins. Tillaga frá Skafta og Tryggva: Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu athugasemda vegna kynningarfundar frá 10. júní 2009 til næsta reglulega fundar sveitarstjórnar sem áætlaður er í byrjun ágúst. Tillagan felld með þremur atkvæðum gegn tveimur atkvæðum. Tillaga frá Gunnari, Ingvari og Jóni: Sveitarstjórn telur að ekkert í fyrirliggjandi athugasemdum eða fundargerð frá íbúafundi leiði til þess að taka þurfi afgreiðslu sveitarstjórnar á aðalskipulagsbreytingunni upp sbr. m.a. umsögn Landslaga lögfræðistofu um athugasemdir. Samþykkt að óska eftir því við umhverfisráðherra að hann staðfesti hina samþykktu breytingu á aðalskipulagi með vísan til þess að öllum lagaskilyrðum hefur nú verið fullnægt. Tillagan samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur.
2. Ósk Rangárþings ytra um umsögn við tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins 2008-2020. Gögn vegna málsins komu á geisladiski sem sveitarstjórnarmenn geta séð á skrifstofunni óski þeir þess. Péttri Inga falið að fara yfir skipulagið og senda athugasemdir og upplýsingar með tölvupósti til sveitarstjórnarmanna fyrir lok næstu viku.
3. Lögð fram endurskoðun fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Endurskoðun fjárhagsáætlun samþykkt.

4. Fundargerð skólanefndar nr. 36 og nr. 37 frá 11.06.2009. Fundargerðirnar staðfestar
5. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla frá 03.06.2009. Lögð fram.
6. Fundargerð félagsmálanefndar nr. 114 frá 03.06.2009. Fundargerð staðfest.
7. Fundargerð stjórnar SASS 424. fundur haldin 12.06.2009. Fundargerð lögð fram.
8. Fundargerðir stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 172 haldin 27.05. 2009 nr. 173 haldin 02.06.2009 og aukafundur Sorpstöðvar Suðurlands haldin 03.06.2009. Fundargerðir lagðar fram.
9. Erindi til aðildarsveitarfélaga Sorpstöðvar Suðurlands varðandi staðfestingu svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Lokadrög um áætlunina liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins.
10. Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands nr. 285 frá 03.06.2009 Fundargerð lögð fram.
11. Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga 49.fundur, aukafundur haldinn 12.05. 2009. Einnig breytingar sem gerðar voru á fundinum um samning sveitarfélagana um héraðsnefndina. Fundargerð lögð fram. Samningur samþykktur.
12. Ósk Tónsmíðju Suðurlands um samning við Skeiða-og Gnúpverjahrepp. Samþykkt að fela oddvita að semja við Tónsmíðjuna þar sem greitt verði fyrir allt að fimm nemendur.
13. Ósk um samþykki sveitarstjórnar vegna nafnabreytinga á sumarhúsalóð á Löngudælarholti. Samþykkt að Valdimar Þór Ólafsson kt: 030573-6879, taki við leigusamningi að lóð númer 5 á Löngudælarholti af Garðari Steingrímssyni kt:031072-5739 og Hrönn Egilsdóttur kt: 290481-4149.
14. Erindi frá Alþingi með ósk um umsögn vegna pingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Sveitarstjórn samþykkir stækkun á friðlandi Þjórásarvera en leggur áherslu á að haft verði samráð við sveitarstjórn vegna útfærslu skilmála friðlandsins.
15. Lagt fram lóðablað í mkv. 1:5000 dags. 19. Júní 2009 af rúmlega 45 ha spildu úr landi Sandlækjarkots 2 (landnr. 17908). Spildan liggur upp að Stóru- Laxá. Samþykkt skv. 30. Gr. Skipulags og byggingarlaga.
16. Erindi frá Afréttarmálafélagi Flóa og Skeiða. Samþykkt að verða við beiðni félagsins þar sem sveitarfélagið greiðir 100.000 kr. sem sinn hlut á móti landbótasjóði.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 15.15



Píanóstillingar
Loftur Erlingsson GSM 896 9565



Þjórsárskóli hefst mánudaginn 24. ágúst kl. 8:20

Nú er sumarleyfi að ljúka og við hefjum enn eitt spennandi skólaár.

Allir nemendur mæta í skólann 8:20 og eru í kennslu til kl. 11.

Skólabílar aka eins og venjulega. Morgunakstur verður á sama tíma frá heimilum nemenda eins og var síðasta skólaár. Heimakstur verður svo kl. 11 þennan dag. Þriðjudaginn 25. ágúst verður síðan kennsla samkvæmt stundatöflu. Stundatöflur eru aðgengilegar á www.mentor.is frá morgni 24. ágúst. Allar upplýsingar um skólann, námskrá, starfsáætlun, innkaupalista nemenda og margt fleira er að finna á heimasíðu skólans eftir því sem það er tilbúið. Endilega kynnið ykkur heimasíðuna og notið hana sem upplýsingamiðil. Mánudaginn mæta nemendur með töskur og áhöld en ekki íprótta/sundföt. Lagt er upp úr því fyrsta daginn að allir nemendur hitti kennara sína og kynnist örlítið þeim verkefnum sem lögð verða fyrir á skólaárinu.

Tímaskipulag 2009-2010

Skóli hefst alla morgna kl. 8,20 hjá öllum árgöngum.

Á mánudögum lýkur kennslu kl. 12:00 hjá 1.- 4. bekk, en kl. 14:30 hjá 5.-7. bekk.

Á þriðjudögum og miðvikudögum lýkur kennslu kl. 14:30 hjá öllum nemendum.

Á fimmtudögum lýkur kennslu kl. 13:20 hjá öllum nemendum.

Á föstudögum lýkur kennslu kl.12:30 hjá öllum nemendum.

Starfsfólk

Nokkrar breytingar eru á starfsliði skólans. Umsjónarkennarar verða:

Jenný Jóhannsdóttir og Sólrún Héðinsdóttir í 1.- 3. bekk,

Árdís Jónsdóttir í 4. bekk,

Bolette Höeg Koch og Kjartan Ágústsson í 5. - 7. bekk.

Þar fyrir utan verða:

Bente Hansen með sund/ípróttir, ensku og upplýsingatækni,

Lilja Loftsdóttir með heimilisfræði og ART-þjálfun,

Stefán Þorleifsson með tónmennt og kór,

Ingibjörg María Guðmundsdóttir með smíðar/tæknimennt,

Katrín Briem með myndmennt,

Bryndís Baldursdóttir með skólavistun og stuðning,

Hrafnhildur Ágústsdóttir ræsting og almenn skólaliðastörf.

Skólavistun

Skólavistun er í boði fyrir nemendur í 1.4. bekk eftir skóla og til kl. 17:00.

Umsjónarmaður skólavistunar er Bryndís. Skrá þarf nemendur í skólavistun

með því að senda upplýsingar á netfangið skolastjori@skeidgnup.is eða →

bryndis@skeidgnup.is fyrir föstudaginn 21. ágúst. Við skráningu þarf að koma fram nafn barns, hvaða vikudaga barnið verður í skólavistun og fram til hvaða tíma dagsins. Athygli er vakin á því að skólavistun er í boði mánudaga til fimmtudaga. Engin skólavistun er á föstudögum.

***Með góðri kveðju,
Ingibjörg María, skólastjóri.***

Landskeppni og aðalfundur Smalahundafélags Íslands verður haldin að Miðengi í Grímsnesi helgina 29. - 30. ágúst 2009.

Að þessu sinni heldur nýstofnuð Smalahundadeild Árnessýslu landskeppnina. Félagsmenn eru rúmlega 20 og var mikill áhugi fyrir stofnun deildarinnar. Öllum fjáreigendum er ljóst hversu dýrmætt er að eiga góðan smalahund.

Dagskrá:

Laugardagur 29. ágúst

Keppnin byrjar á unghundum kl. 11.00, síðan verður keppt í B-flokk og endað á A-flokki.

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands verður haldinn að Miðengi á laugardaginn að lokinni keppni. Eftir aðalfundinn verður sameiginleg grillveisla fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. Matur verða seldur á aðeins kr. 1.000 fyrir manninn og er hann þá niðurgreiddur af félaginu.

Sunnudagur 30. ágúst

Keppnin byrjar kl. 11.00 þá verður keppt í B-flokk og endað á A-flokki. Skráning fer fram hjá Reyni Jónssyni í síma 8980929 fyrir 20. ágúst. n.k.

Upplýsingar um keppnisreglur er að finna á smalahundur.123.is

Unghundar teljast þeir hundar sem eru 3 ára og yngri miðað við fæðingadag.

Þeir hundar sem hafa náð 50 stigum eða meira í smalahundakeppni skulu keppa í A-flokki.

Við hvetjum eigendur smalahunda til að mæta á Landskeppnina og taka þátt í skemmtilegri keppni.

Við eigum von á frábærum hundum af öllu landinu og fjölda áhorfenda.

Á Miðengi er veitingasala, tjaldstæði og snyrtiaðstaða. Þetta er kjörið tækifæri fyrir alla fjölskylduna að skella sér í útilegu og eiga góða helgi og frábæra skemmtun

Mótsnefnd

Smalahundadeild Árnessýslu hvetur eigendur og áhugafólk um fjárhunda til að ganga í félagið og taka þátt í starfseminni. Þeir sem ætla að skrá sig hringi í Reynir Jónsson í síma: 8980929

Stjórn Smalahundafélags Íslands

Fjallferð.

**Þeir sem hugsa sér að fara á fjall á Gnúpverjafrétti
þurfa að hafa samband við Lilju fyrir 20. ágúst n.k.
Síminn er 847-8162. Þeir sem liggja með búnað frá
í fyrra (vesti) eru beðnir að skila þeim sem fyrst.**

Afréttamálanefnd.

Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og
herra frá GUINOT og förðunarvörur frá
NO NAME

Tímapantanir í síma 566-8342 og 856-1599

Næsta Fréttabréf kemur út þriðjudaginn 15. september
Skilafrestur efnis er til fimmtudagsins 10. september.

Umsjón með fréttabréfinu hefur Helga Kolbeinsdóttir - helga@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður er Gunnar Örn Marteinnsson Oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá
kl. 9-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 www.skeidgnup.is

Ábending til foreldra og forráðamanna barna sem fara í skóla eða leikskóla í haust.

Nú fer bráðum að nálgast sá tími er skólarnir byrja aftur eftir sumarfrí.

Reynsla undanfarinna ára hefur verið að það er mest um lúsasmit þegar skólarnir taka til starfa á haustin. Við hjúkrunarfræðingar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Laugarási viljum þess vegna hvetja foreldra og forráðamenn barna sem byrja í skóla eða leikskóla í haust að leita að lús hjá barni eða börnum ykkar áður en skólinn byrjar.

Best er að leita að lús hjá barni ykkar reglulega skv. eftirfarandi leiðbeiningum:

Skoðið hárið vel undir sterku ljósi og þá sérstaklega á hvirfli og aftan við eyrun.

Eggin/nitin eru eins og litlir hnúðar á hárinu. Þau eru oft ljós, dökk eða silfurlit (tóm). Þau eru föst á hárinu og strjúkast ekki auðvellega af.

Tiltölulega auðvelt er að sjá fullvaxna lús, hún er 2-3 mm að stærð oft grá, dökk eða ljósbrún. Það er hins vegar erfiðara að sjá lýs sem eru nýkomar úr eggjunum, þær eru örlitlar og hálfgegnisæjar.


Til eru lúsakambar í lyfjaverslunum sem gott er að greiða í gegnum hárið með yfir hvítu blaði, spegli eða vaski með vatni. Byrjið að kemba við hársvörðinn og kembið vel út í hárendana.

Ef lús finnst í hári þarf að meðhöndla það með sérstöku lúsameðali sem fæst án lyfseðils í lyfjaverslunum.

Hægt er að nálgast ítarlegri upplýsingar á www.heilsugaeslan.is

Með kveðju og von um góða samvinnu við að uppræta lúsina,

Hjúkrunarfræðingar Laugarási.



Menn og málefni

Eftirfarandi nemendur luku grunnskólanámi frá Flúðaskóla í vor, er það endurtekið hér vegna mistaka í síðasta bréfi þar sem nöfn Rakelar Óskar og Sigurðar dattu út. Beðist er velvirðingar á því. HK

Ástrós Ýr Eggertsdóttir,	Kálfhóli.
Glódís Auðunsdóttir,	Húsatóftum.
Ingibjörg Sæunn Jónsdóttir,	Skeiðháholti.
Ingvar Már Guðjónsson,	Bugðugerði 7a.
Jakob Þór Eiríksson,	Vorsabæ.
Lovísa Einarsdóttir,	Heiðarbrún.
Ólöf Ósk Birgisdóttir,	Hrauntegi.
Rakel Ósk Sigurðardóttir,	Laxárdal.
Sigurður Kristmundsson,	Haga.

Stóðu þau sig
öll með
miklum sóma.



- Hulda Einarsdóttir Hamragerði 11 í Árnesi og Helio Santos eignuðust dreng þann 9. júlí var hann 14 og ½ mörk og 51 cm. Þann 19. júlí var hann skírður Gabríel Einar Santos.
- Hafdís Hafsteinsdóttir og Einar Gestsson á Hæli eignuðust sitt sjötta barn þann 24. júlí og var það drengur 3405 gr. og 50,5 cm. Systkini litla snáðans eru Gestur fæddur 1987, Hafsteinn fæddur 1992, Stefanía Katrín fædd 1998, Valgerður fædd 2002 og Bryndís 2005.
- Hildur Lilja Guðmundsdóttir og Björn Júlíus Grímsson Bugðugerði 2b í Árnesi eignuðust dreng þann 31. júlí 15 merkur og 51,5 cm.
- Dórótea Höeg Sigurðardóttir frá Hæli útskrifaðist með B.S. í umhverfis - og byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands þann 20. júní með ágætiseinkunn.





Setning Flúðaskóla verður föstudaginn

21. ágúst 2009, kl 10:00 – 12:00.

Boðið verður upp á skólaakstur.

Skóli hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 24. ágúst.

Skólastjórnendur

Happadrætti S.Í.B.S.

Styrkið gott málefni og fáíð ykkur miða.

Umboðsmaður Sigrún Fossnesi.

Sími 486-6079 og 895-8079 fossnes@uppsveitir.is



VÖNDULL ehf



FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútuvoði 13. sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.


Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán

Á bak við eldavélina

Takk Axel fyrir að skora á mig! Ég ákvað að koma með eitthvað frá Skotlandi og Þýskalandi bara svona til tilbreytingar. Skoska matarmenningin er aðallega fræg fyrir "haggis" (innyfli) en ég þori nú ekki að koma með uppskrift af þeim! Mér er sagt að maður verði að drekka mikið visky með því og hlusta á ljóð eftir Robert Burns. Í staðinn kemur hér uppskrift af súpu sem ætti að falla vel í kramið hjá Íslendingum. Hún heitir **Cullen Skink** (skink = súpa) og er nefnd eftir litlu sjávarþorpi í Skotlandi. Robert the Bruce var frægur skoskur konungur og er mikil tenging á milli hans og staðarins. En hér er uppskriftin:



Cullen Skink

Fyrir 4

400 - 500 gr kartöflur

50 gr smjör

2 laukar

500 gr reykt ýsa (fæst í fiskbúðinni á Selfossi annars í Útey við Laugarvatn)

500 ml mjólk (helst nýmjólk)

1 tsk. ferskur graslaukur

1 peli rjóma

Salt og pipar eftir smekk



Afhýðið og sjóðið kartöflurnar. Skerið laukinn og veltið honum í potti með smjöri þangað til hann er "mjúkur". Bætið fiskinum (í bitum) og mjólkinni við og sjóðið í 10 mín. á lágum hita. Bætið svo kartöflunum út í og látið suðuna koma upp aftur. Bætið graslauknum, rjómanum, salti og pipar við eftir smekk. Æðislega gott á köldum haustdegi og í hestaferð! ☺ Svo má bæta við steiktum þúrrulauk eða soðnum rófubita eftir smekk en "klassíska" uppskriftin er bara með kartöflum.

Ein uppskrift frá Þýskalandi fyrir mjúku línurnar:

Hnetutertan

100 gr smjör

60 gr kakóduft

100 gr sykur

3 egg

150 gr hnetumjöl (möndlur, heslihnetur eða annað, nokkuð fín malað)

1 tsk. lyftiduft

1 tsk. Nescafé duft

3 msk. brauðrasp



Hrærið öllu saman og bakið í kökuformi á 180°C í ca. 25 mín. Látið kólna.

1 glas Bláber eða tyttuberjamauk

500 ml rjómi

Maukið er svo sett á kökuna og rjóminn þeyttur og settur yfir maukið.

Purrristaðar möndluflögur eða kakóduft til skreytingar

Að lokum skora ég á vinkonu mína Bente frá Birkikinn að koma með

uppskrift í næsta bréfi. Kannski er hún með uppskrift fyrir

"lutefisk" eða annað norskt góðgæti! ☺



Með bestu kveðju, Meike

Opnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Sumaropnun: 30. Maí– 23. Ágúst 2009

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	13 - 18	13 - 21
Þriðjudaga:	13 - 21	13 - 18
Miðvikudaga:	13 - 18	13 - 21
Fimmtudaga:	13 - 21	13 - 18
Föstudaga:	13 - 18	13 - 18
Laugardaga:	10 - 18	10 - 18
Sunnudaga:	10 - 18	10 - 18

Vetraropnun: Frá 24. ágúst 2009- til loka maí 2010

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	lokað	17 – 21
Þriðjudaga:	17 – 21	lokað
Miðvikudaga:	lokað	17 – 21
Fimmtudaga:	17 – 21	lokað
Föstudaga:	lokað	lokað
Laugardaga:	13 – 17	13 – 17
Sunnudaga:	lokað	lokað

Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps Bókahúsínu Brautarholti

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505

**Bókasafnið opnar aftur
eftir sumarfrí þann 17.
ágúst.**



Opnunartími



Mánudagur kl. 16 -18

Miðvikudagur kl. 16 -18

Fimmtudagur kl. 20 -22

Viðskiptavinir eru minntir á að skila bókum sem fengnar hafa verið að láni.

Körfuknattleiksdeild UMFH

Þegar þessi orð eru skrifuð eru enn margir í sumarfrí, en nú stýttist óðum í nýtt tímabil í körfunni. Smá breyting hefur átt sér stað í stjórninni, Kristín Erla Ingimarsdóttir hefur hætt sem ritari og hefur Bente Hansen tekið við því starfi.

Vetrarstarfið ætti að verða nokkuð hefðbundið og stefnum við í þátttöku á Íslandsmótinu í flestum flokkum. Við hlökkum mikið til vetrarins þar sem “okkar” krakkar standa sig afar vel og gaman er að fylgjast með þeim. Við í stjórninni vonumst til að foreldrar verði duglegir að sjá um að skipuleggja sjálfir akstur til og frá mótum í vetur. Yfirlit yfir keppnishelgar verður brátt tilbúið og fá krakkarnir það sent með heim, keppnisstaðir ráðast svo eftir úrslitum hverju sinni og er gefið upp með viku fyrirvara.

Æfingar byrja svo fljótlega upp úr skólasetningu og stundatafla fyrir íþróttæfingar ætti einnig að verða tilbúin fljótlega.

Með körfukveðju,
Stjórnin



Ágætu sveitungar!

Vinna er hafin við nýja heimasíðu sveitarfélagsins. Fallegar myndir vantar úr sveitinni, af landslagi eða öðru því sem gaman væri að hafa þar. (Getum skannað þær ef við fengjum þær lánaðar.) Í ráði er svo að setja sem mest af upplýsingum um það sem sveitin hefur upp á að bjóða í þjónustu og öðru sem okkur finnst upplýsandi og aðlaðandi fyrir sveitarfélagið en ef fólk er á móti því að fyrirtæki þeirra eða annað er lítur að þeim sé skráð þar, biðjum við viðkomandi um að hafa samband. Allar hugmyndir vel þegnar og góðfúslega hafið samband í síma 486-6014 eða sendið tölvupóst á kidda@skeidgnup.is

Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372- Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Rafgirðingarefni

Höfum tekið að okkur einkaumboð á Íslandi fyrir
Rutland rafgirðingarefni sem er þrautreynt hér á landi

Kynningarafsláttur

RutlandTM
Electric Fencing



480 5600
landstolpi.is





Haukur í Mástungu og Aðalsteinn frá Hæli með
sýnishorn af fjallferðum fyrri tíma.





Nokkrar sómakonur að gæða sér á veitingum Margrétar Eiríksdóttur við dilk Eystra-Geldingaholts.



Að sjálfsögðu voru sungin nokkur lög.